

9

22. apríl

AUGLÝSING

um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London þann 31. maí 1929.

Þann 6. jan. 1933 var afhent í utanríkismálaráðuneytinu brezka tilkynning um, að Ísland gangi að alþjóðasamningnum um öryggi á sjó, sem gerður var í London 31. maí 1929.

Samkvæmt 64. grein samningsins gekk hann því í gildi fyrir Ísland þann 6. apríl 1933.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 22. apríl 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

10

29. maí

OPIÐ BRÉF

um þingsuppsögn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hér með veita yður sem Vorum forsætisráðherra umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Gjört á Amaliuborg, 29. maí 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.